

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um markaðar tekjur til vegamála.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hverjar voru árlegar heildartekjur ríkissjóðs á árunum 2013–2016 af:
 - a. bensíngjaldi, sérstöku bensíngjaldi, kolefnisgjaldi af bensíni og virðisaukaskatti á þessa gjaldstofna,
 - b. olíugjaldi, kolefnisgjaldi á olíu og virðisaukaskatti á þessa gjaldstofna,
 - c. bifreiðagjöldum,
 - d. innflutningstollum á bifreiðar?
2. Hversu hátt hlutfall markaðra tekna til vegagerðar hafa skilað sér til nýframkvæmda og viðhalds vega á undanförunum fjórum árum, sundurliðað eftir árum?
3. Hafa markaðir tekjustofnar til vegamála fylgt verðlagsþróun undanfarin fjögur ár og ef svo er ekki, hver væri þá munurinn á árlegum afrakstri tekjustofnanna hefðu þeir fylgt verðlagsþróun?
4. Hve mikið hefur ríkið aukið tekjur sínar af almennu bensíngjaldi á undanförunum fjórum árum og hve hátt hlutfall þeirra hefur skilað sér til vegamála á þessum tíma?
5. Hvert er fjárframlag ríkisins til nýframkvæmda í vegamálum undanfarin fjögur ár, sundurliðað eftir árum?
6. Hvert er fjárframlag ríkisins til viðhalds vega undanfarin fjögur ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.